


**KAFLI 2.0**  
**FOREINANGRUÐ**  
**EINFÖLD STÁLRÖR**



### TÆKNILÝSING

Foreinangruð einföld stálrör eru einangruð með hörðu frauði (PUR) úr pólýúretani og varin með PE hlífðarkápu. Rörin eru svokallað fast kerfi, þ.e. stálrör, PUR-einangrun og kápa eru bundin saman í eina heild. Rörin eru framleidd í 6, 12 og 16 m einingum í stærðum frá DN 20 - 800 í einangrunarflokkunum EIN 1, EIN 2 og EIN 3. Nákvæma lýsingu á málum og stærðum má sjá í kafla 2.9. Set getur boðið upp á einangrun á öðru efni en tilgreint er í vörulista. Vinsamlegast hafið samband við tæknideild Set ef þess er óskað. Foreinangruð stálrör eru einnig framleidd upprúlluð í stærðum frá 20 - 28 mm að þvermáli. Nánari upplýsingar um upprúlluð rör er hægt að nálgast í kafla 4 um sveigjanleg hitaveitörur undir framleiðsluheitinu EliSteel.

### NOTKUNARSVIÐ

Þessi tæknilýsing er gerð fyrir einangrað einfalt stál til notkunar sem hitaveituefni.

### HRÁEFNI

Set á einungis í viðskiptum við viðurkennda hráefnabirgja. Gerð er krafa um að allir birgjar séu með ISO 9001 vottun og farið er yfir frammistöðu þeirra að minnsta kosti árlega til að ákvarða áframhaldandi viðskipti. Farið er yfir gæði móttokinna hráefna og mælingar gerðar áður en þau fara í framleiðsluferli.

### EIGINLEIKAR 6, 12 OG 16 M STÁLRÖRA SKV. EN 253

Set notast við stálrör frá viðurkenndum framleiðendum. Kaupendur hitaveituröra geta fengið afhent gæðaskírteini um efnainnihald sé þess óskað fyrir afhendingu.

Stálrör og stálfittings eru að lágmarki samkvæmt eftirfarandi viðmiðum:

#### TAFLA 2.0.1

Stálrör EN 253

TÆKNILEGAR KRÖFUR:	P235GH TC1 skv. EN 10217-2 og 5, > DN 100 P235TR1 skv. EN 10217-1 DN 20 - 80
ÞVERMÁL OG VEGGPÝKKT:	EN 10220
FRÁGANGUR ENDA:	EN ISO 9692-1
GÆÐASKÍRTEINI:	EN 10204-3.1

Hafið samband við söludeild ef óskað er eftir öðrum tegundum af stálrörum.

## TAFLA 2.0.2

Stálfittings EN 448

<b>TÆKNILEGAR KRÖFUR</b>	P235GH TC1 skv. EN 10217-2 og 5, > DN 100 P235TR1 skv. EN 10217-1 DN 20 - 80
<b>SUDUBEYGJUR</b>	Kaldbeygðar DN 20 - DN 150 skv. EN 10253-2 Heitformaðar DN 20 - DN 800 skv. EN 14870-1
<b>SUDUTÉ</b>	EN 10253-2
<b>MINNKRÖFUR</b>	EN 10203-2

## TAFLA 2.0.3

Helstu mál á stálrörum

DN = Nafnmál

$d_o$  = Ytra þvermál stálrörs

$t_1$  = Veggþykkt - AGFW 401

$t_2$  = Veggþykkt - EN 253

DN	$d_o$ [mm]	$t_1$ [mm]	$t_2$ [mm]
20	26,9	2,6	2,0
25	33,7	2,6	2,3
32	42,4	3,2	2,6
40	48,3	3,2	2,6
50	60,3	3,2	2,9
65	76,1	3,2	2,9
80	88,9	3,2	3,2
100	114,3	3,6	3,6
125	139,7	3,6	3,6
150	168,3	4,0	4,0
200	219,1	4,5	4,5
250	273,0	5,0	5,0
300	323,9	5,6	5,6
350	355,6	5,6	5,6
400	406,4	6,3	6,3
450	457,0	6,3	6,3
500	508,0	6,3	6,3
600	610,0	7,1	7,1
700	711,0	8,0	8,0
800	813,0	8,8	8,8

## EIGINLEIKAR EINANGRAÐS PUR-FRAUÐS 6, 12 OG 16M SKV. EN 253

Pólýuretan-einangrunarefnið PUR hefur frábært einangrunargildi. Auk þess hefur það mjög gott burðarþol og gott þol gegn öldrun. PUR-efnið í rörunum frá Set er Pentan blásið. PUR-efnið hefur mjög góða eiginleika til að bindast annars vegar plastkápunni og hins vegar stálrörinu. Þessi binding er grunnþáttur í að mynda fastbundið hitaveitukerfi. Eftirfarandi er upptalning á eiginleikum sem PUR efni frá Set standast að lágmarki. Frauðtæknin sem Set notar er HCFC laus og eyðir ekki ósonlagi jarðar.

## TAFLA 2.0.4

Upptalning á eiginleikum sem PUR efni frá Set standast að lágmarki

<b>MAGN OG STÆRD SELLA</b>	< 5% af þverskurðarflatarmáli frauðs skv. En 253 Kafli 4.4.2
<b>STÍFNI / PRÝSTIÁLAG</b>	> 0,30 MPa við 10% aflögun skv. EN 253 kafli 4.4.3
<b>VARMALEIDNI</b>	Fyrir foreinangruð stárlór SET 0,026 W/m·K Kröfur frá EN 253 kafli 4.5.6 < 0,029 W/m·K
<b>HITAPOL (CCOT)</b>	161°C/30 ár fyrir frauð 175°C/30 ár fyrir PIR frauð > 130°C/30 ár, lágmarkskröfur skv. EN 253 kafli 4.5.5.1
<b>SKERSPENNA</b>	EN 253 kafli 4.5.5.2
<b>ÁSLÆG SKERSPENNA FRAUÐS</b>	> 0,12 MPa við 23°C, kafli 5.4.1.4
<b>RADIALSKERSPENNA</b>	> 0,20 MPa við 140°C, kafli 5.4.2
<b>VATNSDRÆGNI</b>	< 10% vatnsdrægni af massa sýnishorns skv. EN 253 kafli 4.4.5

### EIGINLEIKAR KÁPURÖRS SKV. EN 253

PE hlífðarkápa þolir vel álag, hefur mikið efnaból og hentar því mjög vel sem hlíf utan um einangrunina. Í kápuna er blandaður kolasalli sem tryggir fyrsta flokks þol gegn sólarljósi. Rörin, sem eru framleidd saumlaus, eru corona meðhöndluð til að tryggja góða viðloðun við PUR frauðið. Þykkir kápuröra eru að lágmarki samkvæmt EN 253. Helstu eiginleikar PE hlífðarkápunnar eru eftirfarandi:

**TAFLA 2.0.5**

Helstu eiginleikar  
PE hlífðarkápunnar

<b>PLASTEFNI</b>	Polyethelyne – PE100
<b>LITUR</b>	Svart (kolasalli) > 2,5 % af massa samkvæmt EN 253 Kafli 4.3.1.1
<b>EFNISEIGINLEIKAR</b>	EN 253 Kafli 4.3.1.1
<b>LÁGMARKSVEGGÞYKKT</b>	EN 253 Kafli 4.3.2.2 Tafla 5
<b>VARMALEIDNI</b>	0,40 W/m·K
<b>FLÆÐISEYGJA BRÁÐAR</b>	0,20 - 1,4 g/10 mín. skv. EN 253 Kafli 4.3.1.2

**TAFLA 2.0.6**

Helstu mál kápuröra  
skv. EN 253

$D_o$  = Ytra þvermál hlífðarkápu

$t_{min}$  = Lágmarks veggþykkt  
hlífðarkápu

$D_o$ [mm]	$t_{min}$ [mm]
75	3,0
90	3,0
110	3,0
125	3,0
140	3,0
160	3,0
180	3,0
200	3,2
225	3,4
250	3,6
280	3,9
315	4,1
355	4,5
400	4,8
450	5,2
500	5,6
560	6,0
630	6,6
710	7,2
800	7,9
900	8,7
1000	9,4
1100	10,2
1200	11,0

### EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU Á EINANGRUÐUM EINFÖLDUM STÁLRÖRUM

Strangt eftirlit er með allri framleiðslu Set til að tryggja ávallt fyrsta flokks vörugæði. Við eftirlit á einangruðum stálrörum er farið eftir kröfum í EN 253 staðli fyrir hitaveiturör, auk þess sem gerðar eru frekari prófanir. Þjálfun starfsfólks og vitund fyrir gæðum er einnig stór þáttur í vandaðri framleiðslu.

### EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU Á STÁLHLUTA FYRIR EINANGRUÐ TENGISTYKKI

Við eftirlit á stálhluta fyrir einangruð tengistykki er farið eftir EN 448 staðli. Fyrirfram ákveðið hlutfall tengistykka er ávallt röntgenmyndað, auk þess sem sjónskoðun og þrýstiprófun fer alltaf fram.

### EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU Á SAMSETTUM EINANGRUÐUM TENGISTYKKJUM

Við eftirlit á samsettum einangruðum tengistykkjum er farið eftir EN 448 staðli. Set notar ávallt allt að 40% aukna þykkt við framleiðslu á hlífðarkápu til að tryggja meiri styrk, þar sem mikil reynir á tengistykkin.

#### TAFLA 2.0.7

Hlífðarkápa tengistykja

$D_o$  = Ytra þvermál hlífðarkápu

t = Veggþykkt hlífðarkápu

$D_o$ [mm]	t [mm]
90	4,0
110	4,0
125	4,5
140	5,0
160	5,0
180	5,5
200	5,5
225	6,0
250	6,0
280	6,0
315	6,3